



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANHI BÓEALL OG ÍSA ALDUBTREGI

Álagning fasteignagjalda í Strandabyggð 2024

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum skrifstofu Strandabyggðar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu.

Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagningarseðill er birtur rafrænt inn á www.island.is og er ekki sendur út á pappír. Greiðslukröfur og greiðsluseðlar verða birtir í heimabönkum líkt og undanfarin ár en greiðandi getur óskað sérstaklega eftir því á skrifstofu Strandabyggðar að fá álagningarseðil og/eða greiðsluseðla senda, telji hann þörf á því. Gjalddagar eru 9 talsins og er fyrsti gjalddaginn 1. febrúar en sá síðasti þann 1. október. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 40.000 er gjalddagi þeirra 1. apríl. Á hverjum greiðsluseðli verður greiðsla á aðeins einum gjalddaga, þannig að eldri seðlar halda gildi sínu. Hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga sem er síðasti virkur dagur hvers mánaðar, greiðast dráttarvextir frá gjalddaga. Ekki eru sendar út kröfur vegna innheimtu undir 1000 kr. Fasteignaeigendur með gjöld undir þeim upphæðum eru beðin um að millifæra á bankareikning Strandabyggðar 1161-26-1 og senda bankavittun á netfangið strandabyggd@strandabyggd.is.

Vegna samnings Strandabyggðar við Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið frá 30.3.2021 um fjárhagslegar aðgerðir og hagræðingu í rekstri, ákvað sveitarstjórn Strandabyggðar við álagningu fasteignagjalda árið 2022 og 2023, að álagningarprósenta fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði muni vera 0,625% á fasteignaskatti A og 1,65% í fasteignaskatti C. Nú er þessi auka álagning afturkölluð verður álagningarprósenta á íbúðarhúsnæði 0,5% og á fyrirtæki 1,51%.

Álagningarprósenta á vatnsgjaldi, holræsagjaldi og lóðaleigu er óbreytt. Sorpgjöld hækka milli ára til að koma til móts við kostnað sveitarfélagsins við sorphirðu í sveitarfélaginu.

Afslættir á fasteignagjöldum fyrir aldraða og öryrkja eru færðir inn sjálfvirk og koma fram á álagningarseðli.

- Fasteignaskattur A – gjald 0,5% af fasteignamati húss og lóðar
- Fasteignaskattur B – gjald 1,32% af fasteignamati húss og lóðar
- Fasteignaskattur C – gjald 1,51% af fasteignamati húss og lóðar
- Lóðarleiga 2,5% af fasteignamati lóðar
- Holræsagjald 0,25% af fasteignamati húss og lóðar
- Vatnsskattur 0,30% af fasteignamati húss og lóðar þó ekki lægri en kr. 38.340, og ekki hærri en kr. 51.380,- eða sem nemur 0,5% af fasteignamati húss og lóðar
- Hreinsunargjald rotþróa kr. 17.345,-
- Sorphreinsunargjald á íbúðarhúsnæði í þéttbýli kr. 65.285,-
- Sorphreinsunargjald í dreifbýli kr. 53.820,-
- Sorphreinsunargjald sumarhúsa kr. 32.640,-

Allar nánari upplýsingar fást á skrifstofu sveitarfélagsins, í síma 451-3510 eða á netfanginu strandabyggd@strandabyggd.is

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 12. desember 2023. Gildir frá 1. janúar 2024

Þorgeir Pálsson oddviti

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410
SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR: WWW.STRANDABYGGD.IS